

Minnisblað

Móttakandi: Bæjarráð
 Dags.: 19.05.2022
 Dreifing: Umhverfissvið, Bæjarráð

Efni: Heimild til samningagerðar að yfirstöðnu útboði á Helgafellsland 5. Áfangi

Þann 11 maí 2022 kl. 11:00 voru tilboð opnuð í verkinu „Helgafellsland 5. Áfangi Gatnagerð og lagnir“. Að lokinni yfirferð tilboða kom í ljós að lægstbjóðandi uppfyllir ekki kröfur útboðsgagna um hæfni við framkvæmd sambærilegra verkefna og því hefur hann staðfest að hann falli frá tilboði sínu.



Eftirfarandi tilboð bærust:	Tilboð (opnun):	Tilboð (yfirferð):
Jarðval sf	610.000.000 kr.	660.000.000 kr.
Karína ehf.	580.780.474 kr.	630.780.474 kr.
Kostnaðaráætlun hönnuða:	813.501.200 kr.	813.501.200 kr.

Við yfirferð tilboða kom í ljós samlagningavilla í magnskrá um magn hitaveituröra sem notuð verða til gatnagerðar sem hefur sömu áhrif á hækkunar fyrirliggjandi tilboðum. Heildarkostnaður vegna útboðs á gatnagerð 5.áfanga Helgafellshverfis er áætlaður:

Verkliður	Áætlun
Verktakakostnaður (Jarðval)	660.000.000
Samtals	660.000.000
Annað og ófyrirséð	12% 79.200.000
Eftirlit, undirbúningur og umsjón	5% 39.600.000
Fjármagnskostnaður	4% 26.400.000
Heildarkostnaður	805.200.000

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar er 375 milljónir króna á fjárhagsári 2022 en verkefninu er áfangaskipt í tvo áfanga á fjárhagsárum 2022 og 2023.

Lægsta boð uppfyllir ekki kröfur útboðsgagna um hæfni. Lagt er til að gengið verði til samningaviðræðna við, Jarðval ehf., og að umhverfissviði verði veitt heimild til undirritunar samnings á grundvelli tilboðs Jarðvals ehf. að því gefnu að öllum skilyrðum útboðsgagna sé uppfyllt.

Virðingarfyllst.,

Óskar Gísli Sveinsson
Deildarstjóri Nýframkvæmda